

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. október 2019

Mál nr. E-3645/2017:

Beko-Dimon Fishing Co.

Nína Guðríður Sigurðardóttir lögmaður

gegn

Icepuffin Fishing Gear ehf.

Magnús Davíð Norðdahl lögmaður

Dómur

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu birtri 16. nóvember 2017, var dómtekið að lokinni aðalmeðferð þann 24. september sl. Stefnandi er Beko-Dimon Fishing Co., EOU, 4/684 Karumpalam & Post Coonor, The Nilgiris – 643102 Tamilnadu á Indlandi. Stefndi er Icepuffin Fishing Gear ehf., Hamarshöfða 1 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða sér 1.999.882 bandaríkjadali ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 1.134.016 bandaríkjadöllum frá 14. desember 2016 til 7. febrúar 2017, af 1.674.802 bandaríkjadöllum frá þeim degi til 11. mars 2017, en af 1.999.882 bandaríkjadöllum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara að krafa hans verði lækkuð verulega. Í öllum tilvikum krefst stefndi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Frávísunarkröfu stefnda var hafnað með úrskurði dómsins 16. mars 2018.

I.

Ágreiningur máls þessa lýtur að greiðslu reikninga vegna kaupa stefnda á veiðarfærum frá stefnanda. Ekki virðist vera ágreiningur meðal aðila um að þeir hafi átt í viðskiptasambandi og að stefndi hafi keypt vörur af stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa gefið út eftirfarandi þrjá reikninga vegna viðskipta aðila, sem eru meðal gagna málsins:

EXP 002/31.05.2016 að fjárhæð 1.134.016 USD með gjalddaga 14. des. 2016 (auðkenni SCT/CHE/2777)

EXP 003/08.08.2016 að fjárhæð 540.786 USD með gjalddaga 7. febrúar 2017 (auðkenni SCT/CHE/2792)

EXP 004/05.09.2016 að fjárhæð 325.080 USD með gjalddaga 11. mars 2017 (auðkenni SCT/CHE/2797)

Samtals nemur fjárhæð þessara reikninga 1.999.882 bandaríkjadöllum sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Vörulýsing á reikningnum, í íslenskri þýðingu, segir að um sé að ræða fullgerðar línur (sigurnaglalína) og línukrókar í mismunandi stærðum. Magn vara á fyrsta reikningnum er sögð vera átján vörubretti, níu vörubretti á öðrum reikningnum og sex vörubretti á þeim þriðja, auk þess sem tilgreind er lengd lína og stykki línukróka í hverri sendingu. Móttakandi vara er sagður vera stefnandi á reikningum nr. EXP 002/31.05.2016 og EXP 003/08.08.2016 en móttakandi á vörureikningi nr. EXP 004/05.09.2016 er sagður vera Puffin ehf. Allir reikningarnir eru undirritaðir af hálfu stefnanda.

Nánar lýsir stefnanda framgangi viðskiptanna á þann veg í stefnu að vörur samkvæmt framangreindum vörureikningum hafi verið sendar til stefnda og af því tilefni hafi Shine Travels & Cargo PVT. Ltd. í Chennai á Indlandi gefið út farmskírteini með auðkenninum STC/CHE/2777 þann 17. júní 2016, STC/CHE/2792 þann 11. ágúst 2016 og STC/CHE/2797 þann 12. september 2016. Samkvæmt skilmálum kaupanna og útgefina vörureikninga hafi gjalddagar reikninganna verið 180 dögum eftir útgáfudag hvers farmskírteinis. Samkvæmt farmskírteininum hafi stefndi verið móttakandi sendinganna og móttökustaður en TVG-Ziemen ehf. verið tilgreindur umboðsmaður stefnda á afhendingarstað í Reykjavík. Þá kveðst stefnandi hafa gefið viðskiptabanka sínum á Indlandi, State Bank of India, fyrirmæli um að fela Arion banka hf. á Íslandi að afhenda stefnda viðskiptaskjöl stefnanda gegn því skilyrði að stefndi samþykkti greiðslufyrirkomulag í samræmi við Uniform Rules for Collection, 1995 Revision, ICC Publication No. 522. Í fyrirmælunum hafi falist að stefndi skyldi fá afhent viðskiptaskjöl vörukaupanna, þ.e. vörureikninga, farmskírteini í þremur eintökum, pökkunarlista, upprunavottorð og sóttreinsunarvottorð gegn því að samþykkja skuldfærslu á reikningi vörukaupanda hjá Arion banka í samræmi við greiðsluskilmála vörureikninganna. Hafi

viðskiptabanki stefnanda sent Arion banka fyrirmæli um framangreint. Til tryggingar skuldfærslunni skyldi Arion banki ekki afhenda viðskiptaskjölun til stefnda fyrr en félagið hefði samþykkt vörureikningana og gefið bankanum heimild til að skuldafæra af bankareikningi félagsins hjá Arion banka hf. Stefndi hafi, í samræmi við ofangreint, undirritað skuldfærslubeiðni vegna reiknings nr. EXP 003/08.08.2016 en ekki hafi fengist staðfest hvort gengið hafi verið frá skuldfærslubeiðni vegna hinna reikninganna tveggja. Í samræmi við framangreint hafi umboðsmaður stefnanda, Shine Travels & Cargo & Co, þann 22. ágúst 2016 heimilað TVG-Ziensen ehf. að afhenda vörur samkvæmt framangreindum vörureikningi gegn afhendingu frumrits farmskírteinis og greiðslu tiltekinna gjalda. TVG-Ziensen hafi staðfest móttöku framangreindra fyrirmæla en muni hins vegar hafa tollafgreitt og afhent stefnda vörusendinguna án þess að stefndi hafi afhent frumrit farmskírteinis, staðfest reikninginn eða gengið frá skuldfærslubeiðni svo sem áskilið hafi verið af hálfu stefnanda. Hinar tvær vörusendingarnar hafi sömuleiðis verið afhentar stefnda án þess að fylgt væri framangreindum fyrirmælum. Stefndi hafi hins vegar staðfest við stefnanda að hann hefði gengið frá skjölum varðandi sendingu vara á reikningi nr. EXP 004/05.09.2016, en varðandi þriðju sendinguna, með vörum samkvæmt reikningi nr. EXP 002/31.05.2016, hafi stefnandi heimilað stefnda að innleysa þá sendingu án frumrits farmskírteinis þar sem stefndi hafi sagt að hann gæti ekki fengið umrædd gögn frá Arion banka.

Stefnandi kveður stefnda hvorki hafa greitt kröfur stefnanda samkvæmt greindum vörureikningum né skilað vörunum aftur í hendur stefnanda og kveður innheimtuaðgerðir hafa verið árangurslausar. Kveður hann stefnda hafa í samskiptum sínum við sig gengist við því að skulda stefnanda vegna þessara viðskipta en geta gefið skýringar á greiðsludrætti. Þá hafi stefndi lagt til að hluta skuldarinnar yrði breytt í hlutafé í Icepuffin Fishing Gear ehf.

Stefndi mótmælir eindregið framangreindri atvikalýsingu og kveður framangreinda reikningana vera tilhæfulausa. Kveður stefndi að stefnandi hafi í viðskiptum þeirra hverju sinni gefið út tvo reikninga, annan háan og tilhæfulausan og hinn með mun lægri og rétttri fjárhæð. Þeir fyrrnefndu hafi verið sendir í viðskiptabanka stefnda og þeir síðarnefndu beint til stefnda. Rétt fjárhæð reiknings nr. EXP 002/31.05.2016 sé 114.714 USD, rétt fjárhæð reiknings nr. EXP 003/08.08.2016 sé 66.386 USD og rétt fjárhæð reiknings nr. EXP 004/05.09.2016 sé 59.000 USD. Vísar stefndi í þessu sambandi til framlagðra vörureikninga með þessum númerum, en þeir virðast vera ljósrit, og til

tollskýrslna vegna vörusendinganna. Fyrir utan mismunandi fjárhæðir eru reikningarnir sem stefndi leggur fram samhljóða reikningum stefnanda en ekki undirritaðir af hálfu stefnanda. Hafni stefndi af þeim sökum greiðsluskyldu á grundvelli þeirra reikninga sem málareksturinn byggir á, auk þess sem reikningur nr. EXP 004/05.09.2016 sé ekki á hendur stefnda heldur Puffin ehf.

Í tollskýrslum sem gerðar voru vegna þriggja sendinga frá stefnanda koma fram reikningsfjárhæðir sem eru þær sömu og á reikningum sem stefndi hefur lagt fram. Fyrsta tollafgreiðslan fór fram 2. ágúst 2016 og var heildarfjárhæð reiknings sögð vera 114.764 bandaríkjadalir, önnur tollafgreiðsla fór fram 30. september og var heildarfjárhæð reiknings sögð vera 66.386 bandaríkjadalir, og þriðja tollafgreiðsla fór fram 29. nóvember og var heildarfjárhæð reiknings þar sögð vera 59.000 bandaríkjadalir. Í öllum tilvikum er stefndi sagður innflytjandi varanna.

Meðal gagna málsins eru fjölmörg skjöl sem tengjast framangreindum viðskiptum, m.a. frumrit eða samrit þeirra gagna sem stefnandi kveðst hafa sent Arion banka og nokkur tölvupóstsamskipti aðila. Meðal þeirra er tölvupóstur sem fyrirvarsmaður stefnanda [...] sendi til [...] eiganda stefnda, þann 22. júlí 2016, skömmu áður en sú fyrsta af framangreindum tollafgreiðslum fór fram. Þar segir hann m.a.: „As explained when I was in Iceland, the invoice and original BL were sent to your bank through our bank here and is there for you to collect. I will also send you the correct invoice because this invoice will make you go crazy and you would need to explain that it's including the one for Wild C, which the bank in India sent together. But to get the container out you don't need the BL and it's done express release and you would need to just work out on how you explain to the bank.“

Þá liggja fyrir tvö misvísandi yfirlit sem stefnandi hefur lagt fram yfir viðskipti aðila. Annars vegar ódagsett excel-skjal, nefnt „Statement of payment and purchase between Puffin ehf./Icepuffin ehf. and Beko Dimon India“. Þar er getið um reikninga með sömu númerum og deilt er um í þessu máli og þeir sagðir þeirrar fjárhæðar sem stefndi heldur fram að sé rétt fjárhæð. Hins vegar er ódagsett reikningsyfirlit þar sem fjárhæð þessara reikninga er sögð vera sú sem stefnandi byggir á að sé rétt fjárhæð.

Í öðrum tölvupósti á milli sömu aðila frá 28. september 2016, tveimur dögum fyrir tollafgreiðslu annarrar vörusendingarinnar, kemur efnislega fram að frumrit reiknings sé hjá Arion banka og stefndi þurfi að nálgast þann reikning til að geta leyst út vörurnar. Eftir að þeir hafi náð í þann reikning kveðst fyrirvarsmaður stefnanda munu senda

honum hinn reikninginn. Þann 25. nóvember s.á. sendir stefndi tölvupóst til stefnanda varðandi reikninga nr. EXP003/08.082016 og EXP004/31.05.2016 og biður hann að senda sér „[...] einhvers konar yfirlýsingu um að þessir tveir reikningar séu að upphæð 56.000 en ekki 325.000 o.s.frv.“ og tekur fram að þetta sé aðeins fyrir bókhald þeirra en ekki bankann.

Af öðrum tölvupóstsamskiptum aðila má sjá að viðskiptasamband aðila málsins fer að stíðna fljótlega eftir þessi viðskipti og jafnframt að stefndi hefur ekki staðið í skilum við stefnanda, án þess að ráða megi af gögnum málsins hver fjárhæð skuldarinnar sé. Þá eru og ýmsar lausnir og málamiðlanir nefndar án þess að unnt sé að átta sig á samhengi málsins. Meðal annars er þess getið í tölvupósti [...], dags. 24. apríl 2017, til fyrirsvarsmanns stefnanda og fleiri aðila að [sendandi] telji stefnanda stunda peningaþvætti og hafi í hyggju að tilkynna sendiráði Indlands og indverska viðskiptabanka hans um þá starfsemi, verði stefnandi ekki við beiðni fyrirsvarsmanns stefnda um að finna lausn á málinu.

II.

Stefnandi byggir kröfu sína á kaupsamningi milli aðila og útgefnum reikningum og vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og greiðslu skulda og VI. kafla laga nr. 50/2002 um lausafjárkaup.

Stefndi hafi keypt vörur og skuldbundið sig til að greiða fyrir þær í samræmi við skilmála hvers vörureiknings, 180 dögum eftir útgáfu hvers farmskírteinis. Stefndi hafi ekki greitt fyrir vörurnar þrátt fyrir fyrirvaralaus skuldbindingu þar um. Hafi bæði greiðslustaður reikninganna og afhendingarstaður vörunnar verið í Reykjavík og skv.1. mgr. 48. gr. laga nr. 50/2002 um lausafjárkaup skuli greiðsla innt af hendi á afhendingarstað ef greiðsla á að fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals.

Krefjist stefnandi greiðslu á kaupverði hinna seldu vara í samræmi við vörureikninga, sbr. 1. mgr. 51. gr. og 52. gr. laga nr. 50/2002, en greiðsla kaupverðs hafi átt að fara fram í samræmi við skilmála vörureikninganna og greiðsluskjala.

Stefndi hafi m.a. skuldbundið sig til að heimila skuldfærslu af bankareikningi sínum í samræmi við greiðslufyrirmæli þar um hjá Arion banka hf. sem greiðslu kaupverðsins á gjalddaga. Hafi stefnandi sent samningsskjöl í viðskiptabanka stefnda í samræmi við svokallað Collection Order under URC 522. Líkt og fram komi að framanverðu hafi stefndi undirritað skuldfærsluheimild vegna reiknings að fjárhæð 540.786,27

bandaríkjadollara, en ekki vegna hinna tveggja reikninganna. Stefndi hafi engu að síður tollafgreitt vörurnar og tekið við þeim athugasemdalaust.

Stefnandi hafi að fullu efnt sínar skyldur samkvæmt kaupsamningi aðila með því að afhenda stefnda þær vörur sem tilgreindar séu á framlögðum reikningum. Eigi hann því rétt á endurgjaldi fyrir þær í samræmi við efni reikninganna. Stefndi hafi í samskiptum sínum við stefnanda viðurkennt greiðsluskyldu sína og engar athugasemdir gert við vöruna eða gæði hennar.

Um varnarþing vísar stefnandi til 33. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. og 3. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 71. gr. kaupalaga, og reglur III. kafla sömu laga, með síðari breytingum. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

III.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því að krafa stefnanda sé byggð á tilhæfulausum reikningum. Af einhverjum ástæðum hafi stefnandi kosið að gera tvo reikninga vegna hverrar pöntunar stefnda, annar reikningurinn hafi verið með mjög hárrí og tilhæfulausri fjárhæð og hinn lægri og réttur reikningur. Þannig hafi honum borist í tölvupósti réttur reikningur, EXP 002/31.05.2016, að fjárhæð 114.764 USD á sama tíma og tilhæfulaus reikningur með sama númeri hafi verið sendur í bankann. Í tengslum við þessi viðskipti hafi stefnandi sent stefnda tölvupóst þann 22. júlí 2016 þar sem segir: „I will also send you the correct invoice because this invoice will make you go crazy.“ Þann 2. ágúst hafi vörusending með auðkenninu STC/CHE/2777 verið tollafgreidd og heildarfjárhæð sendingarinnar sögð verða 114.764 USD. Sömu sögu sé að segja um tollafgreiðslu hinna tveggja sendinganna, þær hafi verið tollafgreiddar á grundvelli lægri og réttari reikninga. Þá mótmælir stefndi greiðsluskyldu á reikningi nr. EXP 004/05.09.2016 þar sem sá reikningur sé á hendur þriðja aðila, Puffin ehf. Þá vísar stefndi til þess að stefnandi hafi sjálfur lagt fram yfirlit yfir viðskipti þeirra, merkt „Beko Ledger“, þar sem reikningsfjárhæðir séu tilgreindar í samræmi við fjárhæðir lægri reikninganna.

Þá byggir stefndi á því að fjárhæð kröfu stefnanda sé í engu samræmi við eðlilegt markaðsverðmæti þeirra vara sem stefnandi hafi selt stefnda og mótmælir því að

kaupsamningur liggja að baki viðskiptum aðila þar sem samið hafi verið um það verð sem stefnandi krefji stefnda nú um.

Varakröfu sína um lækkun kröfu stefnanda byggir stefndi á sömu málsástæðum og að framan hafi verið raktar. Þá mótmælir stefndi kröfu stefnanda um dráttarvexti þar sem 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 geti einungis átt við um kröfur í íslenskum krónum.

IV.

Svo sem rakið er í atvikalýsingu dómsins, og öðru leyti má ráða af gögnum málsins, hafa aðilar verið í viðskiptasambandi og átt í margvíslegum samskiptum þeim tengdum um árabíl. Ágreiningur þessa máls er afmarkaður við greiðslu þriggja reikninga sem gefnir voru út í maí, ágúst og september 2016. Ekki virðist vera ágreiningu um hvaða viðskipti liggja að baki þessum reikningum heldur hver fjárhæð þeirra er. Í málinu liggja fyrir tveir reikningar með sama reikningsnúmeri og innihaldslýsingu vöru en afar mismunandi fjárhæðum.

Stefnandi byggir á því að hærri reikningarnir séu réttir reikningar og krefur stefnda um greiðslu þeirra. Byggir hann málatilbúnað sinn á því að að baki viðskiptunum sé kaupsamningur um vörur þar sem samið hafi verið um verð þeirra í samræmi við þessa reikninga. Stefnandi ber, eftir almennum sönnunarreglum réttarfars, sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni um efni samnings aðila, sem hann byggir á að sé til og efni hans sé með tilteknum hætti. Við þessar aðstæður er haldlaus sú málsástæða hans að beita beri reglu sem kemur fram í 45. gr. kaupalaga nr. 50/2000 til að ákvarða kaupverð söluhlutar, enda á sú regla við þegar ekki liggur fyrir samningur um kaupverð.

Stefnandi hefur, þrátt fyrir málatilbúnað sinn, ekki lagt þann samning fram í málinu sem hann kveður liggja til grundvallar kröfu sinni. Við munnlegan flutning málsins upplýsti stefnandi að þessi samningur hefði verið munnlegur og að ekki liggja fyrir skrifleg gögn til að staðfesta efni hans. Hvorki fyrirvarsmaður stefnanda né vitni voru kvödd fyrir dóm til að freista þess að varpa frekara ljósi á efni samningsins.

Ekki verður fallist á það með stefnanda að það eitt að leggja fram reikninga með tiltekinni reikningsfjárhæð ásamt útflutningsskjölum sé fullnægjandi sönnun þess hvert efni samnings aðila hafi verið. Þá er því jafnframt hafnað að unnt sé að horfa til ákvæða 47. gr. kaupalaga til stuðnings kröfu hans, enda liggja fyrir í málinu misvísandi reikningar frá stefnanda sjálfum. Stefndi staðhæfir að aðrir og til mikilla muna lægri reikningar séu réttir reikningar vegna umdeilda viðskipta aðila. Til stuðnings þeirri

staðhæfingu hefur hann lagt þá reikninga fram ásamt afriti tollskýrlna vegna hvernar sendingar þar sem reikningarnir eru sagðir sömu fjárhæðar. Auk þess leggur hann fram ýmis samskipti aðila sem styðja þá staðhæfingu hans að gefin hafi verið út tilhæfulaus reikningur samhliða öðrum réttum reikningi með lægri fjárhæð. Vísast í því efni til tölvupóstsamskipta aðila frá 22. júlí 2016 þar sem fyrirvarsmaður stefnanda varar stefnda við því að hann verði galinn þegar hann sjái tiltekinn reikning og tekur jafnframt fram að hann muni senda annan og réttan reikning. Af öðrum tölvupóstsamskiptum aðila verður jafnframt ráðið að tveir reikningar hafi verið gefnir út af stefnanda, sitt hvorrar fjárhæðar, vegna sömu viðskipta. Ekki verður önnur ályktun dregin af þeim samskiptum en að báðir aðilar hafi gengið út frá því að til væru bæði réttir og rangir reikningar vegna viðskiptanna. Vísast í þessu efni til þess sem rakið er í atvikalýsingu dómsins um þessi samskipti aðila.

Með vísan til þess sem að framan er rakið hefur stefnanda ekki tekist að færa sönnur á að reikningar þeir sem hann leggur til grundvallar málatilbúnaði sínum endurspegli það verð sem aðilar sömdu um að stefndi skyldi greiða fyrir vörurnar sem hann keypti af stefnanda á grundvelli framangreindra reikninga. Verður hann að bera hallann af sönnunarskorti í þessu efni. Þar sem stefnandi reisir kröfu sína ekki á öðrum málsástæðum en þeim að umdeildir reikningar endurspegli fjárhæð skuldar stefnda er óhjákvæmilegt annað en sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Telst hann hæfilega ákveðinn, með hliðsjón af málavöxtum og umfangi reksturs málsins, 1.200.000 krónur.

Málið flutti Nína Guðríður Sigurðardóttir lögmaður fyrir stefnanda og Magnús Davíð Norðdahl lögmaður fyrir stefnda.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefndi, Icepuffin Fishing Gear ehf., er sýkn af kröfu stefnanda, Beko-Dimon Fishing Co. Stefnandi greiði stefnda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Greitt, kr. 1.200. Rétt endurrit staðfestir: Héraðsdómi Reykjavíkur, 29. október 2019.